

## Íslenska fyrir Bonitu: myndlist á málamótum

Þann 12. mars á þessu ári opnaði sýning í D-sal í Hafnarhúsi eftir reykvíska listamanninn Hugo Llanes (f. 1990 í Mexíkó). Þetta er fyrsta einkasýning hans á Listasafni Reykjavíkur en hann hefur verið virkur innan íslensku myndlistarsenunnar í átta ár eða allt frá því að hann kom til landsins sem nemandi í meistaranámi við Listaháskóla Íslands. Hugo hefur einnig lagt stund á íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands og fjallar sýningin meðal annars um það langa og þyrnum stráða ferli að fá að tilheyra íslensku.

Bonita er hliðarsjálfr listamannsins á sýningunni, gráleit skuggavera sem er með fleiri griparma en íslenska er með föll. Bonita stendur á mörkum tungumála og menningarheima og býður gesti velkomna í hrátt, órætt rými sem er mitt á milli þess að vera pönkað bræðslusvæði og biðsalur í smíðum. Bræðsla er fyrsta skref í vinnslu lýsis sem finnst víða á þessari sýningu. Glóandi lýsisperlur fylla stórar iðnaðarfötur eins og yfirnáttúrulegur ljósgjafi en Ísland flytur út lýsi til Mexíkó í stórum stíl. Eitt af sérkennum íslensku er að málið gerir engan greinarmun á fólki sem flytur inn vörur til annars lands og fólki sem flytur inn sjálf sig til annars lands: innflytjandi flytur lýsi inn, innflytjandi tekur lýsi inn, við innflytjendur erum bæði lýsisgjafar og lýsisþegar.

Á gólfinu liggur ullarteppi í laginu eins og risastór miði frá Útlendingastofnun sem tilkynnir að þú ert númer 555 í dvalarleyfissróðinni. ÚTL er þekkt fyrir ýmislegt annað en húmor og hlýlegt viðmót við innflytjendur (allavega utan Evrópu). En eins og ísbíltúr í haustlægð dvelur sýningin ekki langdvölum við það beiska og súra í upplifun innflytjandans. Í teppinu blandast saman íslensk og mexíkósk ull en svipað og hið tvíræða íslenska *fé* getur *lana* verið bæði ull og peningar. Spænska orðið *fé* merkir hins vegar 'trú' sem er innblásturinn að öðru verki þar sem ullar-*fé* af óþekktum uppruna leikur lausum hala á grænu þrjónaengi. Sýningin snýst þannig um að finna – eða kannski öllu heldur að skapa – hið mexíkóska í hinu íslenska og hið íslenska í hinu mexíkóska.

Kennslubókin *Íslenska fyrir alla* er í hávegum höfð á þessari sýningu en Bonita varpar fram spurningum um hvað það er að nema tungumál. „Hvað er þetta?“ spyr áberandi myndverk sem hangir á grænu „farmbelti“. ¿*Qué es eso?* Þetta er auðvitað ein fyrsta spurning okkar allra þegar við uppgötva nýtt tungumál og viljum vita hvað allt og ekkert heitir á því máli, þurfum að læra að endurskynja heiminn og baða okkur í orðaforða nýrrar tungu en sætta okkur um leið við óræðni og ófullkomleika hennar. En myndin sjálf er flóktandi, tvíkúpt, óheil. ¿Hvað er þetta, eiginlega? Leynist svarið kannski í *Íslensku fyrir alla*?

Tungumálanám verður að tungumálanámu í öðru skemmtilegu verki þar sem spænskumælandi listamaðurinn borar holur í kennslubókina sína – eða er hann bara að segja *hola* við íslensku? Blað úr *Íslensku fyrir alla 1* er læst vandlega inni í gegnsæjum skáp hálffullum af lýsisperlum en lykill hangir í skránni. Á lykklakippuhringnum dinglar lítið fjöldaframleitt Þórslíkneski sem kemur líkast til beint úr minjagripabúð. Er þetta hinn eini sanni lykill að íslensku? Eða er íslenska lykillinn sem fer smám saman að snúast í tungunni og opna dyr að nýjum heimi?

Eitt það eftirminningarlegasta við sýninguna er hressa ábreiðan (¡Brúni og hvíti, VÁ!) eftir hljómsveitina GRÓA um ástir brúnu og hvítu strákanna sem fær að óma um allan salinn á korters fresti. Þetta er aðlögun á mexíkósku pönklagi en spænsk-íslenski textinn birtist ásamt enskri þýðingu sem fyrir marga sýningargesti verður einskona brú. Því miður er lagið hvergi aðgengilegt nema á sýningunni og fólk

Því hvatt til að fjölmenna í Hafnarhús til að hlusta á þennan eyrnaorm. Segja má að sýningin sjálf sé hinsegin bræðsluferli þar sem Bonita fær að móta sig og máta sig við það að vera innflytjandi.

Við lögðum eftirfarandi spurningar fyrir listamanninn:

### **1. Hvað er þetta?**

Þetta er listasýning sem fjallar um menningarlega aðlögun frá sjónarhorni rómansk-ameríks innflytjanda á Íslandi. Hana má einnig skilja sem sýningu sem fjallar um fjölmenningslegt samtímaíslenskt samfélag.

### **2. Talar Bonita íslensku?**

Bonita er nafn, ekki lýsingarorð, og er lesið á sama hátt á mörgum tungumálum. Þess vegna talar Bonita þrjú tungumál samtímis: íslensku, spænsku og ensku — allt í einu. Bonita týnist í þýðingu og túlkun. Hún lifir í millibilsheimi. Bonita segir „Hola“ á spænsku sem kveðju, en einnig „hola“ sem gat á íslensku („hole“ á ensku). „Fé“ getur þýtt peningar á íslensku, en einnig trú á spænsku („faith“ á ensku).

### **3. Hvernig finnst Bonitu að læra íslensku?**

Fyrir Bonitu er þetta heimur sem er stöðugt að uppgötvast. Það eru alltaf nýjar merkingar. Það er líka áhugavert að þurfa að hugsa í eins konar málfræðilegum jöfnum og týnast í villunni. Villan er mikilvæg og hefur mikið gildi.

### **4. Hvað setur Bonita á pylsuna sína?**

Ananas og jalapeños. Bonitu finnst pylsur með ananas og jalapeños mjög góðar.

*Sýningin Bonita eftir Hugo Llanes er í D-sal Hafnarhúss og stendur yfir til 3. maí. Lokahóf verður 30. apríl, kl. 19:00–22:00.*

### **Mynd**

Vigfús Birgisson. Birt með leyfi Listasafns Reykjavíkur.